

# Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss



1.	Inngangur . . . . .	3
2.	Skilgreiningar og helstu viðmið . . . . .	3
3.	Gildissvið samnings . . . . .	4
5.	Hlutverk og ábyrgðarsvið HÍ og LSH. . . . .	5
6.	Stjórnun og skipulag . . . . .	5
7.	Skipulag háskólastarfseminnar . . . . .	7
8.	Skipulag starfsemi LSH . . . . .	8
9.	Tengsl fræðigreina og fræðasviða HÍ við sérgreinar, deildir og svið LSH. . . . .	8
10.	Akademískar nafnbætur . . . . .	11
11.	Starfsmannamál . . . . .	11
12.	Tengsl HÍ og LSH á fræðasviðum utan heilbrigðisvísindagreina . . . . .	13
13.	Staða nemenda og skipan náms. . . . .	13
14.	Framhaldsmenntun - sérnám . . . . .	16
15.	Vísindasamstarf – sameiginlegar rannsóknarstofur . . . . .	16
16.	Rekstur og fjárhagsábyrgð rekstrarþátta . . . . .	17
17.	Gildistími og endurskoðunarákvæði. . . . .	19
	Bókun 1 . . . . .	20
	Bókun 2 . . . . .	20
	Yfirlit fylgiskjala . . . . .	21

# 1. Inngangur

Aðilar samnings þessa eru Háskóli Íslands (HÍ), kt. 600169-2039 og Landspítali - háskólasjúkrahús (LSH), kt. 500300-2130. Gildistaka þessa samnings er háð samþykki háskólaráðs og stjórnarnefndar LSH.

Þessi samningur tekur við af samstarfssamningi aðila frá 10. maí 2001 og viðbótarsamningi frá 28. júní 2002. Aðilar samningsins áforma að þróa enn frekar samstarf um kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindagreinum og efla og bæta jafnframt þjónustu sjúkrahússins við sjúklinga og aðstandendur.

## 2. Skilgreiningar og helstu viðmið

Samningur þessi lýsir tilhögun samstarfs HÍ og LSH og fylgir honum yfirlit um skilgreiningar og viðmið sem notast er við, sjá fylgiskjal 1. Í texta samningsins eru þessar skilgreiningar auðkenndar með skáletri. Í fylgiskjali 2 eru tiltekin þau ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem samningurinn byggir á.

Með samningi þessum og á grundvelli laga og stjórnvaldsfyrirmæla skilgreina samningsaðilar LSH sem háskólasjúkrahús í nánnum tengslum við Háskóla Íslands. Þessi skilgreining byggir á alþjóðlegum viðmiðum og er út frá því gengið að LSH sé sjúkrahús, sem veitir þjónustu í nær öllum viðurkenndum sérgreinum læknisfræðinnar, á sérsviðum (aðalgreinum) hjúkrunarfræðinnar, á sviði lyfjafræði, sjúkraþjálfunar, tannlæknisfræði og í öðrum greinum er tengjast LSH. Í þessu felst að sjúkrahúsið er í nánú samstarfi við háskóla (e. university), þar sem veitt er grunn- og framhaldsmenntun og stundaðar umfangsmiklar rannsóknir í læknisfræði og fleiri greinum heilbrigðisvísinda. Sérmenntaðir heilbrigðisstarfsmenn sjúkrahússins hafa rík starfstengsl við háskólann, svo sem háskólastöðu/akademíska stöðu (e. faculty member) og í daglegum störfum heilbrigðisstarfsfólks er meðferð sjúklinga samþætt kennslu og rannsóknum.

Sem háskólasjúkrahús tekur LSH þannig að sér að vera vettvangur fyrir og þátttakandi í klínískri menntun nemenda HÍ í læknisfræði, hjúkrunarfræði og öðrum þeim greinum sem stundaðar eru á sjúkrahúsinu, þ.e. ljósmóðurfræði, lyfjafræði, sjúkraþjálfun, tannlæknisfræði, sálfræði, félagsráðgjöf, næringarfræði, lífeindafræði, geislafræði og eftir atvikum fleiri greinum.

Í þessu skyni veitir háskólasjúkrahúsið nemendum og starfsmönnum HÍ aðstöðu til klíníks náms og rannsókna og er við það miðað að staða þeirra á sjúkrahúsinu verði, eftir því sem við á, hliðstæð við þá stöðu sem starfsmenn LSH njóta.

Með sama hætti veitir HÍ sérmenntuðum heilbrigðisstarfsmönnum LSH akademískar nafnbætur sem í senn tryggja gagnkvæmni í starfstengslum milli aðila og viðurkenningu á samþættingu kennslu, rannsókna og klínískrar þjónustu. Við það er miðað að staða nafnbótarhafa innan viðkomandi háskóladeilda verði, eftir því sem við á, hliðstæð við þá stöðu sem akademískir starfsmenn HÍ njóta.

Aðilar eru sammála um að skilgreina og skipuleggja sameiginlega klínískt nám í heilbrigðisvísindagreinum sem kenndar eru við HÍ og stundaðar eru á LSH. Menntunin verður þannig í senn samfelld og heildstæð; frá grunnnámi til rannsóknartengds framhaldsnáms og/eða annars sérhæfðs náms. Í þessu skyni munu aðilar leita samkomulags við aðrar heilbrigðis- og menntastofnanir um að nýta þá þekkingu og aðstöðu sem þar er fyrir hendi, hvort sem er innan einstakra heilbrigðisumdæma, á landsvísu eða erlendis.

### 3. Gildissvið samnings

Samningur þessi gildir um samskipti og samvinnu LSH og HÍ og um kennslu, rannsóknir og þjálfun í heilbrigðisvísindagreinum sem kenndar eru við HÍ og stundaðar eru á LSH.

Samningurinn myndar umgjörð um samskipti samningsaðila. Á grundvelli hans eru gerðir skuldbindandi samningar um sameiginlega starfsmenn, starfsaðstöðu og fjármál, auk þess sem verklagsreglur gilda um einstaka þætti. Samningsaðilar eru sammála um að semja nánar um hvaðeina sem stofnanirnar telja hagkvæmt að skuli verða hluti samnings þessa.

Verði breytingar á stjórnskipulagi samningsaðila skulu ákvæði samningsins eiga við um nýja eða breytta skipan, nema sérstaklega sé um annað samið.

### 4. Tilgangur og markmið samningsaðila

Samstarf HÍ og LSH byggist á þeirri sýn að hagsmunir beggja stofnana fari saman. Öflug háskólastarfsemi á sjúkrahúsinu er mikilvæg lyftistöng fyrir Háskóla Íslands og LSH og forsenda þess annars vegar að spítalinn geti veitt sjúklingum bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni og hins vegar að háskóladeildir geti brautskráð hæfa sérfræðinga til starfa á öllum sviðum heilbrigðisgreina.

Megintilgangur háskólastarfsemi er skipuleg viðleitni til að afla, skapa og varðveita þekkingu og miðla henni til nemenda, fræðasamfélagsins og almennings. Á háskólasjúkrahúsi fer þessi starfsemi fram í nánnum tengslum við þá þjónustu sem sjúklingum er veitt.

Í þágu sameiginlegra markmiða samningsaðila er með samningi þessum leitast við að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu þá sem aðilar búa yfir.

Samningurinn skilgreinir form samstarfs HÍ og LSH um:

- Stefnumörkun.
- Starfsmannamál.
- Skipulag grunn- og framhaldsmenntunar á LSH.
- Grunnrannsóknir, klínískar og faraldsfræðilegar rannsóknir.
- Fræðslustarf fyrir starfsmenn beggja stofnana og almennings.
- Fjárhagsleg samskipti.

Markmið samningsins er að efla spítalann sem háskólasjúkrahús þannig að fræðileg og verkleg kennsla og menntun heilbrigðisstétta á Íslandi sé sambærileg því sem best gerist á hliðstæðum stofnunum erlendis. Þannig er samningnum ætlað að skapa sem bestar aðstæður fyrir klínískt nám nemenda í heilbrigðisvísindagreinum við HÍ. Sömuleiðis munu aðilar samningsins sameiginlega stuðla að framgangi vísindarannsókna og framþróun í fræðigreinum sem samningurinn tekur til. Jafnframt er samningnum ætlað að stuðla að sem bestri nýliðun heilbrigðisstétta á LSH. Þá er samningnum ætlað að tryggja aðgengi vísindamanna er starfa við HÍ að rannsóknarefnivið og tækjum LSH í samræmi við lög og reglur.

## 5. Hlutverk og ábyrgðarsvið HÍ og LSH

Hlutverk Háskóla Íslands er að:

1. Annast menntun í heilbrigðisvísindagreinum.
2. Bera faglega ábyrgð á kennslu, námsefni, efnistöfum og prófum.
3. Standa fyrir klínískum rannsóknum og grunnrannsóknum í heilbrigðisvísindagreinum.
4. Sjá til þess að starfsfólk sem annast kennslu og rannsóknir á vegum HÍ uppfylli akademískar kröfur.
5. Taka þátt í þróun klínískrar starfsemi á LSH.

Hlutverk LSH sem háskólasjúkrahúss er að:

1. Veita þá heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma samræmist skyldu háskóla- og aðalsjúkrahúss landsins.
2. Taka þátt í og vera vettvangur klínískrar kennslu háskólanema í heilbrigðisvísindagreinum HÍ og nemenda í heilbrigðisgreinum í öðrum skólum, eftir því sem við á.
3. Standa fyrir klínískri framhaldsmenntun.
4. Eiga aðild að og vera vettvangur klínískra rannsókna og grunnrannsókna á heilbrigðisviði.
5. Veita nánar skilgreindum hópi háskólamanna hlutdeild í þróun heilbrigðisþjónustunnar og aðstöðu til þess að sinna störfum samkvæmt þeim reglum sem gilda um háskólakennslu og rannsóknir.

Forsenda samningsins er fjölþætt hlutverk LSH sem háskólasjúkrahúss í samvinnu við HÍ og sú aðstaða sem nauðsynleg er til klínískrar kennslu í akademískum heilbrigðisvísindagreinum á vegum HÍ. Í samningnum er leitast við að tryggja ákjósanlega samþættingu faglegrar og rekstrarlegrar stjórnunar, klínískrar þjónustu, kennslu og rannsókna á deildum og sviðum LSH.

## 6. Stjórnun og skipulag

Samningsaðilar fara hvor um sig með málefni sinnar stofnunar skv. lagafyrirmælum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Þannig fer HÍ með fjármál, stjórnsýslu og starfsmannahald vegna kennslu og fræðastarfs HÍ og LSH fer með sambærilegum hætti með þjónustu við sjúklinga, fjármál, stjórnsýslu og starfsmannahald.

### 6.1 Yfirstjórn

Rektor HÍ hefur yfirumsjón með framkvæmd samningsins af hálfu HÍ. Forstjóri LSH hefur yfirumsjón með framkvæmd samningsins af hálfu LSH.

Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar á LSH (SKVP) og stjórnsýsla HÍ (akademísk stjórnsýsla og deildarforsetar) fara með daglega framkvæmd samningsins fyrir hönd samningsaðila.

### 6.2 Stefnunefnd

Aðilar skipa sameiginlega nefnd, stefnunefnd, sem hefur það hlutverk að:

- Móta stefnu í sameiginlegum málefnum HÍ og LSH.
- Sjá um framkvæmd samningsins og gera áætlanir um framkvæmd þeirra.
- Fjalla um sameiginleg málefni svo sem ný störf þar sem gert er ráð fyrir akademískri hæfni og breytingar á störfum á LSH sem tengjast báðum stofnunum. Aðilar skulu komast að sameiginlegri niðurstöðu um skilgreiningu starfa er tengjast báðum stofnunum áður en starf er auglýst.
- Eiga frumkvæði að endurskoðun samningsins ef ástæða þykir til.

Í stefnunefndinni sitja þrír fulltrúar frá hvorum aðila:

Frá HÍ: Háskólarektor, forseti læknadeildar og forseti hjúkrunarfræðideildar. Varamaður forseta læknadeildar er forseti tannlæknadeildar og forseta hjúkrunarfræðideildar forseti lyfjafræðideildar.

Frá LSH: Forstjóri LSH, framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar á LSH og einn fulltrúi skipaður af stjórnarnefnd LSH, sem einnig skipar tvo varamenn.

Stefnunefnd skal funda a.m.k. fjórum sinnum á ári og oftast ef forstjóri og/eða rektor telja nauðsynlegt. Verði ágreiningur í stefnunefnd skal fela háskólarektor og forstjóra LSH úrlausn hans.

### 6.3 Tengsl stefnunefndar við stjórnarnefnd LSH, framkvæmdastjórn LSH og háskólaráð HÍ

Stjórnarnefnd LSH og háskólaráð HÍ funda hvort um sig tvisvar sinnum á ári með stefnunefnd þar sem rædd skulu sameiginleg mál HÍ og LSH.

Stefnunefnd fundar með framkvæmdastjórn LSH og yfirstjórn HÍ eftir þörfum.

### 6.4 Önnur ákvæði

Heildarskipulagning námstíma nemenda, skipulag klínísks náms á LSH og rannsóknarnáms við heilbrigðisvísindadeildir HÍ fer fram í samvinnu heilbrigðisvísindadeilda HÍ og SKVP á LSH. SKVP hefur yfirumsjón með þjónustu LSH við kennslu og rannsóknir og kennslustjórar heilbrigðisvísindadeilda gegna hliðstæðu hlutverki af hálfu HÍ. Í fylgiskjali 3 er nánar fjallað um hlutverk SKVP.

Framkvæmdastjóri SKVP á LSH annast tengsl við deildir og stjórnarsýslu HÍ, kemur sjónarmiðum HÍ á framfæri í framkvæmdastjórn LSH, situr sameiginlega fundi deildarforseta heilbrigðisvísindadeilda HÍ og deildarfundi og/eða deildarráðsfundi í þessum deildum. Nánar er kveðið á um hlutverk hans og skyldur gagnvart HÍ og LSH í erindisbréfi.

Í samræmi við ákvörðun deildar situr framkvæmdastjóri lækninga á LSH deildarfundi læknadeildar og framkvæmdastjóri hjúkrunar á LSH situr deildarfundi hjúkrunarfræðideildar.

Framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar boðar til sérstakra funda með forstöðumönnum fræðasviða og forsvarsmönnum fræðigreina tvisvar á ári eða oftast ef þurfa þykir.

Fulltrúi SKVP situr í húsnaðisnefnd LSH, m.a. til þess að vinna að umbótum á húsnaðisaðstöðu forstöðumanna fræðasviða, forvarsmanna fræðigreina og kennslu nemenda.

Kappkostað verður að velja framtíðar staðsetningu fyrir skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar LSH og skrifstofur heilbrigðisvísindadeilda HÍ, svo og bókasafn, sem auðveldi allt samstarf, samræmingu og veitingu sameiginlegrar þjónustu.

## 7. Skipulag háskólastarfseminnar

Háskóli Íslands er vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun sem starfrækt er á vegum íslenska ríkisins. Kjarnastarfsemi Háskólans er kennsla og rannsóknir og veitir hann nemendum sínum menntun á öllum stigum háskólanáms til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu. Grunn-einingar skólans eru háskóladeildir (nú ellefu talsins) sem bera ábyrgð á hinni akademísku starfsemi. Stjórn Háskóla Íslands er falin háskólaráði, háskólarektor og deildarfundum og deildarforsetum.

Fræðigreinin er grunneining í skipulagi og stjórnun kennslu og rannsókna í heilbrigðisvísindadeildum HÍ. Hver fræðigreinin er skilgreind af viðkomandi háskóladeild og lýtur forystu forsvarsmanns sem skipaður er af viðkomandi deild, sjá nánari lýsingu í fylgiskjali 4a.

Forsvarsmenn fræðigreina skipuleggja kennslu, annars vegar í samráði við viðkomandi forstöðumann fræðasviðs í HÍ og hins vegar skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH, sviðsstjóra LSH, yfirlækna og deildarstjóra og aðra ábyrgðarmenn klínískrar þjónustu á LSH.

Fræðasvið eru stærri skipulagslegar/stjórnunarlegar einingar innan HÍ og er á hverju fræðasviði ein eða fleiri fræðigreinar. Fræðasvið eru skilgreind af háskóladeildum. Hvert fræðasvið heilbrigðisvísinda lýtur forstöðu kennara við HÍ er hefur, ásamt forsvarsmönnum fræðigreina og öðrum kennurum, umsjón með skipulagi kennslu og rannsókna á fræðasviðinu. Sjá nánari lýsingu í fylgiskjali 4a.

Forstöðumaður fræðasviðs tekur þátt í almennri stefnumótun spítalans og mótar stefnu og afstöðu síns fræðasviðs um vísindarannsóknir og uppbyggingu klínískrar þjónustu innan LSH (samanber erindisbréf forstöðumanna fræðasviða). Hluti af verkswiði forstöðumanns fræðasviðs, er þannig þátttaka í uppbyggingu rannsóknaradstöðu/-rannsóknarstofu innan LSH á sínu fræðasviði, þar sem saman tengist vísindastarfsemi innan HÍ og LSH. Aðilar munu kappkosta að tryggja forstöðumönnum sem besta aðstöðu og aðrar nauðsynlegar forsendur fyrir vísindastarfsemi.

Forsvarsmenn fræðigreina og forstöðumenn fræðasviða í HÍ skulu sjá til þess að áður en nemendur hefja klínískt nám á LSH hafi þeir hlotið nægjanlegan undirbúning til að geta sinnt námi sínu. Á það m.a. við fræðslu um hvernig staðið er að klínískri þjónustu innan veggja spítalans, réttindi heilbrigðisstarfsmanna og þær skyldur er þeir þurfa að gangast undir, kennslu í fagmennsku og fræðslu um meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga, auk leiðbeininga um notkun helstu tölvukerfa sem notuð eru við klíníska skráningu á LSH.

Val og hlutverk forsvarsmanna fræðigreina og forstöðumanna fræðasviða er í samræmi við almenn ákvæði þessa samnings og forsendur sem HÍ ákveður í samráði við LSH. Próffessor sem veitir fræðasviði forstöðu ber starfsheitið forstöðumaður fræðasviðs, á ensku: Faculty Chairman of (heiti fræðasviðs).

## 8. Skipulag starfsemi LSH

LSH er stofnun sem starfrækt er á vegum ríkisins. Stjórn spítalans er falin sjö manna stjórnarnefnd en forstjóri ber, sem forstöðumaður stofnunar, ábyrgð á rekstri hans. Framkvæmdastjórn spítalans er auk forstjóra skipuð fimm mönnum, framkvæmdastjóra lækninga, framkvæmdastjóra hjúkrunar, framkvæmdastjóra kennslu, vísinda og þróunar, framkvæmdastjóra fjárreiðna og upplýsinga og framkvæmdastjóra tækni og eigna.

Sérgreinar lækninga eru klínískar skipulagseiningar/rekstrareiningar lækninga á LSH. Sérgrein tengist oftast einhverri fræðigreini í læknadeild HÍ, sbr. fylgiskjal 4, en þó geta sérgreinar verið án tengsla við HÍ.

Klínískar legudeildir, dagdeildir og göngudeildir eru skipulagseiningar/rekstrareiningar innan hjúkrunar á LSH. Sumar þessara eininga eru tengdar sérgreinum hjúkrunar sem þá eru einnig tengdar fræðigreinum í hjúkrunarfræðideild HÍ.

Svið eru skipulagseiningar/rekstrareiningar í starfsemi LSH. Sviðsstjórar bera ábyrgð á rekstri einstakra sviða og hafa forystu um starfsemi þeirra og uppbyggingu í samráði við yfirlækna, hjúkrunardeildarstjóra og aðra stjórnendur LSH og jafnframt forstöðumenn fræðasviða innan heilbrigðisvísindadeilda HÍ þar sem við á.

Forstjóri LSH velur sviðsstjóra LSH í samræmi við reglur LSH og ákvæði í samningi þessum. Sviðsstjórar skulu uppfylla akademískar kröfur til að gegna starfi háskólakennara og hafa hlotið til þess formlegt hæfnismat HÍ eða annarra viðurkenndra háskóla. Til að undirbúa valið er fjallað um málið í stefnunefnd. Í undantekningartilvikum getur forstjóri vikið frá hæfisskilyrðum í samráði við stefnunefnd.

## 9. Tengsl fræðigreina og fræðasviða HÍ við sérgreinar, deildir og svið LSH

### 9.1 Almenn atriði

Fræðigreini og fræðasvið innan heilbrigðisvísindagreina tengjast að jafnaði einhverri sérgrein / deild og sviði á LSH, sbr. fylgiskjal 4. Við skipulag kennslu og rannsókna og við uppbyggingu þjónustu á LSH er mikilvægt að þeir sem eru í forsvari starfseminnar á hvorri stofnun fyrir sig vinni náðið saman. Aðilar eru sammála um að viðhafa skipulag sem þjónar þessum markmiðum.

Yfirlæknar og sviðsstjórar, ásamt öðrum klínískum yfirmönnum á LSH, skulu í samráði við forsvarsmenn fræðigreina og forstöðumenn fræðasviða í HÍ sjá til þess að viðunandi aðstaða sé til kennslu og rannsókna innan síns sviðs.

Æskilegt getur verið að sami einstaklingur gegni bæði starfi forsvarsmanns fræðigreinar í heilbrigðisvísindadeild HÍ og starfi stjórnunarlegs yfirmanns á LSH. Í því tilviki gerir hann ráðningarsamninga bæði við LSH og HÍ. Þetta fyrirkomulag starfstengsla á einkum við í læknisfræði þar sem prófessor við læknadeild HÍ er að jafnaði bæði forsvarsmáður fræðigreinar og hefur samhliða starf á LSH. Hið sama getur átt við um dósenta og lektora. Aðilar eru sammála um að ef þess er kostur skuli sami einstaklingur gegna starfi forsvarsmanns fræðigreinar í HÍ og starfi yfirlæknis í viðkomandi sérgrein sem stunduð er á LSH.

Aðilar hafa samráð um það á vettvangi stefnunefndar hvernig störf þeirra sem ráðnir eru til beggja stofnana eru skilgreind og auglýst. Ráðningarmálum skal nánar hagað í samræmi við verklagsreglur um málefni starfsmanna, sbr. fylgiskjal 5.

Umsókn um framgang í prófessorsstarf sem felur í sér forsvar fræðigreinar í læknadeild eða hjúkrunarfræðideild kallar með sama hætti á samráð í stefnunefnd, enda hafi fræðigreinin bein tengsl við sérgrein eða aðra klíniska skipulagseiningu á LSH.

Aðilar eru sammála um að ef þess er kostur skuli viðkomandi einstaklingur fá „tengda stöðu“ um leið og prófessorsstarfið er veitt nema ákveðið hafi verið og um það samið að hann gegni starfi stjórnunarlegs yfirmanns á LSH samhliða prófessorsstarfinu.

Sviðsstjórar LSH og forstöðumenn fræðasviða HÍ skulu hafa náð samráð um málefni tengdra sviða (sjá fylgiskjal 4) og funda um þau reglubundið, enda er slíkt samráð hluti af starfsskyldum þeirra beggja.

Áður en ákvarðanir eru teknar, sem haft geta umtalsverð áhrif á fræðastarfsemi innan sviðsins, skal sviðsstjóri bera áformin undir forstöðumanninn. Með sama hætti skal forstöðumaðurinn bera undir sviðsstjóra þau áform sem lúta að mótun fræðastarfsemi innan sviðsins og hafa áhrif á rekstur þess.

Samningsaðilar munu á samningstímanum vinna að því að skilgreina og afla viðbótarfjár til kennslu og rannsókna. Þessa fjármuni munu aðilar fela forstöðumönnum fræðasviða til ráðstöfunar. Þessi vinna tengist kostnaðargreiningu LSH og endurskoðun á líkönunum sem notuð eru við ákvörðun fjárveitinga til deilda HÍ.

Sviðsstjórar LSH og forstöðumenn fræðasviða HÍ geta vísað sameiginlegum málum viðkomandi sviða og deilda til umfjöllunar í stefnunefnd.

Forstöðumenn klínískra fræðasviða eiga aðild að ráðningu sérmenntaðra heilbrigðisstarfsmanna í störf á LSH, er sérstaklega tengjast þeirra fræðasviði. Þannig skulu þeir koma að því að skilgreina störf sem ákveðið er að auglýsa laus til umsóknar, taka þátt í viðtölum við umsækjendur og öðrum undirbúningi ráðningar. Hér er einkum um að ræða störf sérfræðilækna og yfirlækna og störf sérfræðinga í hjúkrun. Framangreind aðild að ráðningarmálinu á þó ekki við ef um er að ræða ákvörðun um eftirmann í starfi innan LSH sem forstöðumaðurinn sjálfur gegnir.

Oft er æskilegt, einkum í læknisfræði, að forstöðumaður fræðasviðs HÍ sé jafnframt sviðsstjóri á LSH. Fjallað skal um málið í stefnunefnd, að höfðu samráði við viðkomandi háskóladeild og að fengnu samþykki háskóla- rektors.

Við gerð starfslýsinga fyrir sviðsstjóra á LSH og forstöðumann fræðasviðs HÍ munu samningsaðilar hafa samráð sín á milli svo ná megi fram markmiðum samstarfssamnings HÍ og LSH.

## 9.2 Frekari ákvæði um forsvarsmenn fræðigreina og forstöðumenn fræðasviða læknadeildar HÍ og tengsl þeirra við LSH

Forsvarsaður fræðigreinar ber ábyrgð á kennslu læknadeildar innan LSH og skipulagi háskólastarfseminnar á spítalanum í viðkomandi fræðigreini og tekur þátt í faglegri mótun klínísku starfseminnar.

Yfirlæknar sérgreina taka þátt í að skipuleggja framkvæmd kennslu í samráði við forsvarsmann viðkomandi fræðigreinar í HÍ, forstöðumann fræðasviðsins í HÍ, skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH og viðkomandi sviðsstjóra á LSH.

Í því tilviki gerir hann ráðningarsamninga bæði við LSH og HÍ. Hið sama getur átt við um dósentu og lektora.

Í þeim tilvikum þegar ekki er talið æskilegt að tengja starf prófessors í læknisfræði, sem ráðinn hefur verið til starfa á grundvelli auglýsingar, við starf yfirlæknis á LSH veitir LSH viðkomandi prófessor starf/stöðu yfirlæknis með meginverkefni við kennslu og vísindastarfsemi innan tiltekinnar fræðigreinar. Um skilgreiningu þess starfs/stöðu, réttindi og skyldur skal samið sérstaklega í hverju tilviki.

Framkvæmdastjóri lækninga á LSH mun funda reglubundið með hverjum forstöðumanni fræðasviðs og viðkomandi sviðsstjóra lækninga á LSH. Forstöðumanni fræðasviðs og sviðsstjóra er heimilt að setja á fót samráðsvettvang innan sviðsins.

### 9.3 Frekari ákvæði um forsvarsmenn fræðigreina og forstöðumenn fræðasviða hjúkrunarfræðideildar HÍ og tengsl þeirra við LSH

Innan hjúkrunarfræðideildar gildir sérstaklega að forstöðumaður fræðasviðs ber ábyrgð á og skipuleggur kennslu í grunn- og framhaldsnámi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á viðkomandi fræðasviði. Forstöðumaðurinn á þátt í að móta uppbyggingu hjúkrunar á þeim klíniska vettvangi sem fræðasvið hans tengist auk þess að taka þátt í almennri stefnumótun á LSH sem felur í sér að funda reglulega með sviðsstjóra hjúkrunar á sviðinu.

### 9.4 Frekari ákvæði um tengsl LSH og lyfjafræðideildar HÍ

Aðilar munu í sameiningu tryggja grundvöll fyrir klínískri kennslu lyfjafræðinema með því að þeir fái þjálfun og menntun á sjúkrahúsinu. Hér er bæði um að ræða hluta af námi í klínískri lyfjafræði svo og starfsþjálfun. Enn fremur mun sérstaklega verða hugað að því að framleiðsluaðstaða fyrir innrennslislyf, sem í ráði er að koma upp á LSH, gagnist við kennslu lyfjafræðinema svo og til framleiðslu vegna klínískra rannsókna.

### 9.5 Frekari ákvæði um tengsl LSH og tannlæknadeildar HÍ

Aðilar munu í sameiningu efla stöðu tannlækninga innan LSH með því að ráða tannlækna til samhliða starfa við tannlæknadeild og LSH með starfsvettvang á spítalanum. Tannlæknarnir munu sinna kennslu nemenda, meðferð inniliggjandi sjúklinga á LSH og jafnframt veita sjúklingum þjónustu á verkstofum (klíník) tannlæknadeildar. Á samningstímanum verður unnið að gerð sérstaks samkomulags tannlæknadeildar og LSH um framtíðarskipulag, samvinnu og tengsl tannlæknisfræði við starfsemi LSH.

### 9.6 Tengsl LSH við aðrar fræðigreinar

Aðilar eru sammála um að ákvæði í samningi þessum um tengsl LSH við heilbrigðisvísindagreinar taki, eftir því sem við á, til félagsráðgjafar, sálfræði, næringarfræði og eftir atvikum fleiri greina.

## 10. Akademískar nafnbætur

Til þess að tryggja markmið þessa samnings um náð og gagnkvæmt samstarf HÍ og LSH gefa heilbrigðisvísindaeildir HÍ, og eftir atvikum aðrar háskóladeildir, háskólamenntuðu starfsfólki LSH kost á akademískri nafnbót. Háskóladeildir geta einnig átt frumkvæði að því að veita slíka nafnbót.

Starfsfólk LSH sem sinnir kennslu og rannsóknum á rétt á að sækja um mat á hæfi til að gegna akademísku starfi við HÍ í samræmi við reglur um viðurkenningu HÍ á akademísku hæfi starfsmanna á LSH, sbr. fylgiskjal 6, þar sem jafnframt er fjallað um skilyrði slíkra umsókna og meðferð þeirra. Viðurkenning á akademísku hæfi veitir viðkomandi starfsmanni heimild til að bera þá akademísku nafnbót sem veitt er í tengslum við einhverja af heilbrigðisvísindaeildum HÍ. Í því felst einnig að starfsmaðurinn birtir niðurstöður af akademísku starfi sínu sameiginlega í nafni LSH og viðkomandi háskóladeildar.

Aðilar eru sammála um að nafnbótarhafar gegni mikilvægu hlutverki í samstarfi háskóla og spítala í tengslum við klíniska þjónustu sem þátttakendur í stefnumótun og margvíslegu starfi háskóladeildanna, auk uppbyggingar og framkvæmdar klínískrar kennslu. Til þess að formfesta þetta hlutverk gera nafnbótarhafi og háskóladeild samning sín á milli um þátttöku í starfi deildar og þá akademísku stöðu (réttindi og skyldur) sem nafnbótin veitir, svo sem aðild að kennslu og rannsóknum, seturétt á fundum í deildum og skorum, þátttöku í stefnumótun deildar og önnur slík atriði sem eru á forræði deildar. Enn fremur er mögulegt að auk umsýslu innan klíniska hluta námsins komi nafnbótarhafar að hefðbundinni háskólakennslu en semja skal sérstaklega um það í samræmi við reglur HÍ þar að lútandi. Ef um víðtækari aðkomu er að ræða skal stefnunefnd staðfesta samninga sem varða stöðu nafnbótarhafa.

Hlutverk þessara starfsmanna innan HÍ verður nánar skilgreint á samningstímanum.

## 11. Starfsmannamál

Í samningi þessum skilgreina aðilar nánar ýmis atriði er varða störf prófessora og annarra starfsmanna sem vinna að kennslu og rannsóknum hjá HÍ og LSH. Heildarsamningurinn tekur til þeirra starfsmanna HÍ og LSH sem hafa starfsskyldur við báðar stofnanirnar og skilgreinir skyldur og réttindi viðkomandi starfsmanna. Við framkvæmd samningsins eru stofnanirnar báðar bundnar af þeim almennu lögum sem gilda um starfsemi þeirra, einkum ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, auk ákvæða í lögum sem gilda sérstaklega um hvora stofnun, þ.e. annars vegar lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 og hins vegar lög um Háskóla Íslands nr. 41/1999. Þá eru stofnanirnar enn fremur bundnar af ákvæðum kjarasamninga sem gerðir hafa verið við stéttarfélag starfsmanna.

### 11.1 Húsbóndavald

HÍ og LSH annast ráðningu sinna starfsmanna lögum samkvæmt. Í ráðningarsamningum sameiginlegra starfsmanna er skilgreint hvernig starfsskyldum og ábyrgðarsambandi er háttað.

Verklagsreglur um málefni starfsmanna sem hafa starfsskyldur gagnvart bæði HÍ og LSH hafa verið settar (nr. 385/2003) og eru hluti samningsins (sjá fylgiskjal 5).

### 11.2 Starfsskyldur

Með starfsskyldum er í samningi þessum annars vegar átt við akademísku þættina kennslu, rannsóknir og stjórnun við HÍ, sbr. meðal annars 9. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, og hins vegar starfsskyldur löggiltra heilbrigðisstétta á LSH. Í fylgiskjali 2 eru talin upp ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem við eiga í þessu sambandi.

Hjá háskólakennurum sem starfa við HÍ er skipting starfsskyldna ákveðin af háskólaráði. Í 11. gr. laga um Háskóla Íslands er háskólaráði og deildum markað svigrúm til þess að útfæra þessa skiptingu. Starfsskyldur háskólakennara ráðast af starfsheitum og ákvæðum í ráðningarsamningi og siðareglum HÍ (sjá fylgiskjal 7) en almennar reglur HÍ gilda um hvað fylgir starfinu, þ.e. aðstaða, réttur til setu á fundum, þátttaka í stefnu-mótun o.s.frv.

Á LSH mótast starfsskyldur annars vegar af siðareglum og ákvæðum laga um réttindi sjúklinga og störf einstakra starfsstétta og hins vegar af ákvæðum ráðningarsamninga. Auk þess er starfsemi heilbrigðisstofnana háð þeim rekstrarforsendum sem fyrir hendi eru á hverjum tíma.

### 11.3 Sameiginlegir starfsmenn

Við undirritun þessa samnings starfa hjá HÍ og LSH rúmlega [80] starfsmenn sem hafa ráðningarsamning við báða aðila og starfsskyldur við HÍ sem nema að lágmarki fimmtungi af fullu starfi, sbr. fylgiskjal 5, sbr. einnig bókun 2.

### 11.4 Ráðning og starfstengsl

Í samningi þessum skilgreina aðilar ábyrgð og verkaskiptingu milli HÍ og LSH í starfsmannamálum, störf sameiginlegra starfsmanna og starfstengsl þeirra við stofnanirnar báðar.

Starfstengsl háskólamanna við sjúkrahúsið innan þessa samnings eru með tvennu móti:

1. Annars vegar er háskólamaður, með gerð sérstaks ráðningarsamnings við LSH, ráðinn til starfa á sjúkrahúsinu samhliða háskólastarfinu, þ.e. í samhliða starf.
2. Hins vegar er háskólamannti veitt tiltekin aðstaða á sjúkrahúsinu, án ráðningarsamnings við LSH, þ.e. „tengd staða“.

Háskólamaður sem hefur „tengda stöðu“ fær þá aðstöðu á LSH sem honum er nauðsynleg til þess að geta sinnt kennslu- og rannsóknarhlutverki sínu og stjórnun þeirra þátta. Gagnvart LSH hefur viðkomandi starfsmaður HÍ þær starfsskyldur að taka þátt í uppbyggingu fræðasviðs síns eða sinnar fræðigreinar innan sjúkrahússins, með það að markmiði að styrkja starfsemi spítalans, í samræmi við samning þar að lútandi (sjá fylgiskjal 8).

Háskólamaður getur haft frekari starfstengsl við LSH en felast í „tengdri stöðu“. Slík starfstengsl byggjast á því að háskólamaður er ráðinn sérstaklega í starf sem auglýst er og ráðið í af LSH samhliða og að teknu tilliti til háskólastarfsins og þess umsækjanda sem í það er ráðinn. Í því tilviki hefur háskólamaðurinn tvo ráðningar-samninga, annars vegar um starfið við HÍ og hins vegar um starfið við LSH.

Hvor aðili hefur formlegt forræði á ráðningum til starfa við sína stofnun. Þegar fyrirhugað er að ráða sama einstakling til beggja stofnana í samhliða störf munu aðilar hafa samráð um auglýsingar viðkomandi starfa og heimilt er að skipa sameiginlega valnefnd (sbr. reglur nr. 385/2003). Ef af ráðningu verður á þeim forsendum er fjallað um starfstengsl í ráðningarsamningum við báðar stofnanirnar.

Um nýráðningu, „tengdar stöður“, samhliða störf og breytingar á starfsskyldum fer eftir verklagsreglum nr. 385/2003 um málefni starfsmanna (sbr. fylgiskjal 5).

LSH og HÍ stefna að aukinni samvinnu í öllu ráðningarferli þeirra starfsmanna hvorrar stofnunar fyrir sig sem koma til með að gegna störfum á þeim báðum, þ.e. samráð um auglýsingar, mat og val einstaklinga.

## 11.5 Þátttaka í kennslu

Stjórnendur fræðasviða / fræðigreina HÍ geta í samráði við sviðsstjóra, yfirlækna, deildarstjóra og aðra ábyrgðarmenn klínískrar þjónustu á LSH, leitað til starfsmanna á LSH og falið þeim að leiðbeina nemendum í klínísku námi á spítalanum.

Í störfum sínum við spítalann taka þessir starfsmenn þátt í klínískri kennslu með því að leiðbeina nemendum við úrlausn viðfangsefna í samræmi við námslýsingu og/eða óskir viðkomandi háskólakennara. Þessi verkefni lúta verkstjórn stjórnenda fræðasviða / fræðigreina HÍ og starfsmenn LSH bera ekki ábyrgð á skipulagi kennslu eða prófum.

Heimilt er að setja sérstakar reglur um þessi störf innan hverrar heilbrigðisvísindagreinar. Reglurnar öðlast gildi að fenginni staðfestingu LSH.

## 12. Tengsl HÍ og LSH á fræðasviðum utan heilbrigðisvísindagreina

Kennarar á fræðasviði sem er utan heilbrigðisvísindagreina en tengist LSH á grundvelli þessa samnings skipa í samráði við hlutaðeigandi háskóladeildir tengilið sinn við LSH vegna málefna fræðasviðsins.

Tengiliður HÍ hefur samskipti við skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH. Með sama hætti útnefnir LSH stjórnanda á spítalanum til þess að vera tengiliður við stjórnsýslusvið HÍ eða þá sem stjórnsýslusviðið tilnefnir.

Tengiliðir hafa samráð með sér um málefni fræðasviðsins og tilheyrandi fræðigreina og tengsl þeirra við starfsemi spítalans. Heimilt er að semja um að tengiliðir HÍ fái aðstöðu til starfa á LSH. Tengiliðir eiga rétt á að skjóta málum til stefnunefndar.

## 13. Staða nemenda og skipan náms

Nám í heilbrigðisvísindagreinum í HÍ skiptist í grunnnám og framhaldsnám þar sem áherslan er á akademískt rannsóknarstarf.

LSH er vettvangur klínískrar kennslu í heilbrigðisvísindagreinum og framhaldsnáms. Klínísk kennsla er órjúfanlegur þáttur í daglegu starfi einstakra deilda spítalans. Með klínískri kennslu er átt við kennslu sem byggist á skoðun og meðferð sjúklinga og meðhöndlun persónutengdra heilsufarsupplýsinga. Klínísk kennsla tekur bæði til sjúklinga sem liggja á sjúkrahúsinu og dag- og göngudeildarsjúklinga. Í klínísku námi þjálfar nemandi beitingu fræðilegrar þekkingar og sjálfstæða ákvarðanatöku undir leiðsögn. Auk þess tekur samningur þessi til kennslu á rannsóknarstofum LSH og sambærilegum starfseiningum.

Auk fræðigreina innan heilbrigðisvísindadeilda HÍ og starfsþjálfunar cand. psych. nemenda í félagsvísindadeild tekur þessi samningur til kennslu og þjálfunar nemenda í guðfræði, félagsráðgjöf og næringarfræði. Þá fer og fram starf milli HÍ og LSH um vísindastörf og rannsóknarverkefni í þeim fræðigreinum, eftir því sem hentugt þykir, sbr. 15. kafla þessa samnings. Stefnunefnd getur ákveðið að samstarfið taki til fleiri fræðigreina og staðfestir samninga þar að lútandi.

### 13.1 Fagleg ábyrgð

HÍ ber faglega ábyrgð á menntun nemenda í heilbrigðisvísindagreinum í samstarfi við LSH og eftir atvikum aðrar stofnanir. Semja skal sérstaklega um þátttöku LSH í menntun nemenda annarra deilda HÍ.

Framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar á LSH annast tengsl spítalans við deildir HÍ og hefur yfirumsjón með þjónustu LSH vegna kennslu á vegum HÍ. Kennslustjórar heilbrigðisvísindadeilda HÍ, í umboði deildarforseta og eftir atvikum skrifstofur viðkomandi deilda HÍ, annast hliðstæða þjónustu af hálfu HÍ.

### 13.2 Áætlun um fjölda námsplássá og kennslustunda

Áætlun deilda um fjölda námsplássá og skiptingu á deildir, ásamt stundafjölda í klínísku námi, skal liggja fyrir 1. desember ár hvert fyrir næsta háskólaár. Áður en áætlun er lögð fram skal haft samráð við framkvæmdastjóra kennslu, vísinda og þróunar á LSH. Leitast skal við að verða við ábendingum LSH um nýliðun í einstökum heilbrigðisstéttum. Stefnunefnd skal fjalla um tillögur um aukinn nemendafjölda eða aukið námsframboð sem krefst aðstöðu á LSH. Fulltrúar beggja aðila skulu komast að sameiginlegri niðurstöðu áður en breyting nær fram að ganga.

Í kennsluskrá HÍ skal liggja fyrir áætlun um stundafjölda sem ætlaður er til klínískrar kennslu.

### 13.3 Réttindi og skyldur nemenda

Við upphaf klínísku náms á LSH skal kynnt fyrir hverjum nemanda hvaða sameiginlegir skilmálar LSH og HÍ gilda um þátttöku hans í náminu sbr. fylgiskjal 9.

Nemendur í heilbrigðisvísindagreinum HÍ sem stunda klínískt nám á LSH samkvæmt samningi þessum hafa stöðu sem er sambærileg við stöðu starfsmanna LSH og meðan á náminu stendur njóta þeir tiltekinna réttinda með sambærilegum hætti og starfsfólk LSH. Þetta á við um aðgang að mötuneytum LSH, afnot af vinnufatnaði, læsanlega fataskápa og afnot af bílastæðum. Innan LSH hafa nemendur einnig aðgang að þjónustu bókasafns- og upplýsingasviðs LSH (m.a. nýsigagnagerð) á sama hátt og starfsmenn spítalans. Nemendur í heilbrigðisvísindagreinum skulu bera auðkenniskort, undirrita þagnareid, fara í heilbrigðiseftirlit með sama hætti og þeir sem ráðnir eru til starfa á LSH og uppfylla aðrar hliðstæðar kröfur á sama hátt og starfsmenn LSH.

Nemendur skulu undirgangast bólusetningar og aðrar þær öryggisráðstafanir sem gilda um starfsmenn spítalans á hverjum tíma. Skrifstofa starfsmannamála LSH heldur skrá yfir bólusetningar nemenda svo sem væru þeir starfsmenn spítalans.

Við störf sín í klínísku námi njóta nemendur sömu tryggingarverndar að því er varðar bótaábyrgð gagnvart sjúklingum og starfsmenn spítalans, enda vinna þeir á ábyrgð sameiginlegra starfsmanna LSH og HÍ sem samningur þessi tekur til og leiðbeina þeim hverju sinni. Nemendur í háskólanámi í heilbrigðisgreinum eru slysatryggðir skv. ákvæðum III. kafla laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, þegar þeir sinna verklegu námi.

Um samningsbundin réttindi fer eftir ákvæðum einstakra samninga. Um laun nemenda í klínísku námi, sem jafnframt eru starfsmenn LSH, fer eftir gildandi kjarasamningum og ákvörðun fjármálaráðuneytis hverju sinni.

Nemendur sem fá klínísku kennslu í lyfjafræði og tannlækningum, samkvæmt þessum samningi, hafa eftir því sem við getur átt sömu stöðu og aðrir nemendur í heilbrigðisvísindagreinum sem stunda klínískt nám á LSH.

Aðilar munu á samningstímanum skoða tryggingamál er tengjast erlendum nemum sem koma til tíma-bundinnar dvalar við heilbrigðisvísindadeildir HÍ og á LSH sem gestanemendur (án árlegrar skráningar).

### 13.4 Aðstaða og búnaður

LSH tryggir aðstöðu til klínískrar kennslu umsamins fjölda nemenda í heilbrigðisvísindagreinum á hverju háskólaári. Þar er nemendum tryggð vinnuaðstaða og aðgangur að gögnum í samráði við starfsmenn viðkomandi deilda LSH.

LSH leggur til kennsluástöðu (fyrirlestrasali og fundarherbergi, kennslutæki, svo sem töflur, myndvarpa, skjávarpa, sjónvörp og myndbandstæki), samkvæmt yfirliti sem fylgir með í fylgiskjali 10 og hefur umsjón með rekstri hennar. Meginaðstaða HÍ til kennslu nemenda í heilbrigðisvísindagreinum er í Eirbergi, Lækna-garði og Haga en kennslan fer einnig fram í Skógarhlíð og víðar. Samningsaðilar eru sammála um að vinna sameiginlega áætlun um frekari þróun sérútbúins kennsluhúsnæðis.

### 13.5. Grunnám

Nemendur í grunnnámi í heilbrigðisvísindagreinum fá þjálfun og reynslu í klínísku starfi og sjálfstæðri ákvarðanatöku inni á deildum LSH undir eftirliti og á ábyrgð kennara HÍ. Áætlun um klíníska kennslu og þjálfun nemenda í einstökum heilbrigðisvísindagreinum skal sett fram í kennsluskrá einstakra deilda og námslýsingum sem afhentar eru í upphafi kennslutímabils og birtar á háskólanetinu.

### 13.6 Rannsóknánám

Rannsóknatengdu framhaldsnámi við HÍ lýkur með meistara- eða doktorsprófi. Uppbygging framhaldsnáms til háskólagráðu og skipulag þess er á ábyrgð viðkomandi háskóladeildar. Krefjist námið aðstöðu á LSH fer skipulagning námsins fram í samstarfi forsvarsmanna fræðigreina HÍ, yfirmanna á viðkomandi sviði LSH og kennslustjóra viðkomandi heilbrigðisvísindagreinar HÍ. Þessir aðilar skapa jafnframt nauðsynlega aðstöðu fyrir námið. Nemendur í rannsóknánámi á LSH hafa sömu réttindi og skyldur og aðrir nemendur í heilbrigðisvísindagreinum við HÍ.

## 14. Framhaldsmenntun - sérnám

Samningsaðilar eru sammála um að vinna að frekari uppbyggingu sérnáms í heilbrigðisvísindagreinum sem m.a. felur í sér sérhæfða klíníska framhaldsmenntun á LSH í samræmi við markaða stefnu HÍ um eflingu framhaldsnáms.

### 14.1 Framhaldsmenntunarráð

Aðilar munu stofna framhaldsmenntunarráð LSH og HÍ, undir forystu LSH, sem annars vegar er ætlað að fjalla um framhaldsmenntun í klínískum greinum, m.a. klíníska þjálfun að loknu háskólaprófi, diplómanám á meistarastigi og nám til sérfræðiviðurkenningar og hins vegar hvernig staðið skuli að fræðilegu framhaldsnámi, það er rannsóknarnámi sem tengist LSH. Ráðið skipuleggur námsfyrirkomulag í samræmi við fyrirmæli laga og stjórnvaldsfyrirmæli og ákvarðar inntak náms og námstíma. Framhaldsmenntunarráð er skipað sex mönnum til fjögurra ára í senn og eru þrír tilnefndir af LSH og þrír af HÍ. Jafn margir varamenn eru skipaðir. Framhaldsmenntunarráð hefur starfsaðstöðu á SKVP.

Á vegum framhaldsmenntunarráðs starfa nefndir, ein fyrir hverja heilbrigðisgrein og eiga fulltrúar viðkomandi fagfélags sæti í nefndum auk annarra. Nefndir gera tillögur til framhaldsmenntunarráðs um fyrirkomulag framhaldsnámsins innan einstakra greina. LSH og HÍ leggja til nauðsynlega aðstöðu og starfsvettvang vegna námsins. Eru allar tillögur er varða starfsaðstöðu og annað framlag á LSH háðar samþykki forstjóra spítalans og með sama hætti eru tillögur um framlag HÍ háðar samþykki viðkomandi háskóladeildar.

Nánar er fjallað um starfstilhögun framhaldsmenntunarráðs í fylgiskjali 11, m.a. hvað varðar fyrirkomulag á viðurkenningu sérnáms, sem leitað er eftir við heilbrigðisráðuneyti og/eða erlenda aðila.

## 15. Vísindasamstarf - sameiginlegar rannsóknarstofur

### 15.1 Stefnumótun

Báðir aðilar hafa mótað vísindastefnu sinna stofnana (sbr. fylgiskjal 12 og 13) og munu á þeim grundvelli vinna að sameiginlegri stefnu um vísindi og rannsóknarstörf er tengjast báðum stofnunum. Markmið þeirrar stefnumótunar er að efla akademískt rannsóknar- og vísindastarf og styrkja hlutverk LSH sem snýr að þjónustu við sjúklinga. Í þágu rannsóknarfrelsis skal eftir föngum tryggja greiðan aðgang að rannsóknarviðfangsefnum og heilsufarsupplýsingum í þágu skilgreindra rannsóknarverkefna starfsmanna HÍ og LSH og í samræmi við reglur LSH um vísindarannsóknir (sbr. fylgiskjal 14).

### 15.2 Sameiginlegar rannsóknarstofur/rannsóknarstofnanir

Samningsaðilar eru sammála um að vinna áfram að uppbyggingu sameiginlegra rannsóknarstofa/ rannsóknarstofnana. Stofurnar/stofnanirnar geta verið bundnar einstökum heilbrigðisvísindagreinum (d. Rannsóknarstofnun í hjúkrunarfræði), fræðasviðum, fræðigreinum eða sérgreinum þar sem saman tengist vísindastarfsemi innan HÍ og LSH. Þessar fyrirætlanir tengjast jafnframt hugmyndum um stærra einingar, s.s. hugmyndum um lífvísindasetur (biomedical center) og klíníska rannsóknarstofnun (clinical research center). Aðilar munu kappkosta að tryggja slíkum stofum/stofnunum sem besta aðstöðu og aðrar nauðsynlegar forsendur fyrir vísindastarfsemi.

Aðilar munu skipa sérstaka nefnd til að gera yfirlit um núverandi stöðu og vinna að frekari undirbúningi málsins.

## 15.3 Rannsóknarsamstarf

Þeir rannsóknarþættir sem snúa að samstarfi HÍ og LSH eru í aðalatriðum eftirfarandi:

- 1) Grunnrannsóknir fela í sér tilraunir eða fræðilega vinnu sem er innt af hendi fyrst og fremst með það í huga að afla nýrrar þekkingar, án þess að hafa tiltekna hagnýtingu eða notkun í huga. Með grunnrannsóknnum er verið að greina eiginleika, formgerðir og tengsl með það í huga að setja fram og prófa tilgátur, kenningar eða lögmál.

Mikilvægt er að hlúa sérstaklega að grunnrannsóknnum á háskólasjúkrahúsinu sem hefur ríka klínísku þjónustuskýldu. Til þess þarf sérstök framlög og munu báðir aðilar stuðla að öflun þeirra.

- 2) Faraldsfræðilegar rannsóknir á sjúklingum og sjúkragögnum. Slíkar rannsóknir eru nauðsynlegar og munu aðilar efla þær, m.a. með bættum tölvubúnaði og skráningarferlum.
- 3) Klínískar rannsóknir fela í sér frumathuganir sem gerðar eru með það í huga að afla nýrrar þekkingar og beinast fyrst og fremst að sérstökum hagnýtum markmiðum.

Klínískar rannsóknir taka til árangurs og heldni meðferðar, aðgerða og inngrípa. Þeim er m.a. ætlað að afla þekkingar um heilsufarsvanda og umönnun skjólstæðinga til að bæta þjónustu við þá og gera hana jafnframt árangursríkari. Skipuleggja þarf rannsóknar- og kennslustarf, m.a. á legu- og göngu-deildum sjúkrahússins, til að renna stöðum undir þessa rannsóknarþætti.

- 4) Þróunarverkefni fela í sér kerfisbundna vinnu, þar sem byggt er á fyrirliggjandi þekkingu sem fengist hefur með rannsóknnum eða hagnýtri reynslu, með það að markmiði að stuðla að uppfinningum eða endurbótum á vörum, ferlum, þjónustu og vinnufyrirkomulagi í heilbrigðiskerfinu.

Samningsaðilar munu hafa með sér samstarf um alla þessa þætti og leggja áherslu á að veita starfsmönnum aðstoð og hvetja þá í rannsóknarstarfi. Jafnframt munu aðilar efla eftir föngum rannsóknarsjóði sem styrkja heilbrigðisvísindi.

Samningsaðilar munu vinna sameiginlega að framangreindum viðfangsefnum og efla rannsóknir með markvissum hætti, sbr. fylgiskjal 15. Samningsaðilar hafa þegar hafist handa við þau viðfangsefni sem þar eru tiltekin og fyrir liggja drög að sameiginlegu verklagi um hagnýtingu hugverka og stofnanirnar hafa haft samráð um mótun reglna um stjórnunar- og aðstöðugjald.

Samningsaðilar munu vinna að öðrum viðfangsefnum samkvæmt nánari ákvörðun stefnunefndar.

## 16. Rekstur og fjárhagsábyrgð rekstrarþátta

Rekstur heilbrigðisvísindadeilda Háskóla Íslands er fjármagnaður með fjárveitingu til kennslu og rannsókna í fjárlögum og með sértekjum, skrásetningargjaldi nemenda, rannsóknarstyrkjum og seldri þjónustu. Með samningum við menntamálaráðuneyti hafa fjárveitingar verið nánar skilgreindar og fyrir liggur líkan um fjármögnun kennslu í samræmi við fjölda nemenda og eðli námsins. Þá hefur verið gerður samningur um fjármögnun rannsókna en líkan um fjárframlög til rannsókna liggur ekki fyrir. Með þessum hætti er tryggt fjármagn til fræðilegrar kennslu viðkomandi deilda en ekki fjármagn til klínískrar kennslu starfsmanna heilbrigðisstofnana eða aðstöðu til klíníks náms á heilbrigðisstofnunum.

Rekstur LSH er fjármagnaður að mestu leyti með fjárveitingu í fjárlögum en að nokkru með innheimtu þjónustugjalda. Á LSH hefur klínísk kennsla og akademísk starfsemi verið stunduð um áratugaskeið en ekki hafa verið skilgreindar sérstaklega fjárveitingar eða kostnaður vegna þessara þátta.

Aðilar eru sammála um að skýra þurfi fjárhagsleg tengsl og efla fjárhagslegt samráð stofnananna til þess að greiða fyrir eðlilegum samskiptum starfsmanna HÍ og LSH. Er lögð áhersla á að fjármunum, sem nauðsynlegir eru til kennslu og akademískra rannsókna á LSH, verði haldið aðgreindum í fjárhagsáætlunum spítalans. Í þeim tilgangi munu aðilar leggja mat á eðlilegan kostnað LSH vegna klínískrar kennslu nemenda í heilbrigðisvísindagreinum HÍ og annarrar akademískrar starfsemi, m.a. með samanburði við önnur háskólasjúkrahús.

Viðfangsefnið tekur einkum til fjögurra meginatriða:

1. Að greina kostnað sem til verður á LSH vegna menntunar heilbrigðisstarfsmanna.

Aðilar eru á einu máli um að talsverður kostnaður falli til innan LSH við menntun heilbrigðisstétta. Kannað hefur verið hver þessi kostnaður er á erlendum háskólasjúkrahúsum sem eru sambærileg LSH.

Aðilar eru sammála um að ljúka kostnaðargreiningu og munu leggja fram rökstudda niðurstöðu um kostnað spítalans af háskólahlutverkinu. Leitað verður eftir viðurkenningu stjórnvalda á þeirri niðurstöðu en hvorki gerð krafa á stjórnvöld um fjárframlög vegna núverandi stöðu né ráð fyrir því gert að niðurstaðan leiði til tilfærslu á fjármunum milli stofnananna.

2. Að ná samkomulagi um hvernig bregðast skuli við kostnaðarbreytingum sem leiða af fjölgun/fækkun nemenda í heilbrigðisvísindagreinum (og öðrum greinum) sem kenndar eru við HÍ og LSH.

Bæði HÍ og LSH munu meta áhrif slíkra breytinga á rekstur stofnananna. Til hliðsjónar verður haft kostnaðarlíkan HÍ og kostnaðargreining LSH fyrir hinar mismunandi heilbrigðisvísindagreinar.

Aðilar eru sammála um að ávallt liggi fyrir upplýsingar um nemendafjölda, sbr. kafla 13.2 í samningi þessum, og að kostnaður spítalans verði viðurkenndur í rekstri hans. Þeir munu leggja fram sameiginlegar óskir til menntamála- og heilbrigðisyfirvalda um fjárframlög á fjárlögum í þessu efni, hvor stofnun til síns ráðuneytis.

3. Að meta framlög stofnananna til vísindarannsókna og árangur af vísindastarfi.

Aðilar eru sammála um að leggja fram greiningu á framlögum til vísinda og rannsókna í hvorri stofnun um sig, sbr. greinargerð LSH í fylgiskjali 16. Jafnframt að setja fram þann árangur sem náðst hefur í rannsóknum og alþjóðlegu vísindastarfi, þróun lækninga, hjúkrunar og annarra heilbrigðisgreina.

Aðilar eru sammála um að efla samstarf á sviði vísinda, sbr. kafla 15 í samningi þessum, og leita eftir samstarfi og fjárveitingum bæði hjá opinberum aðilum og einkaaðilum. Jafnframt verði eflid til muna þeir gagnkvæmu möguleikar sem starfsfólki bjóðast til aðildar að vísindastarfi og rannsóknarsjóðum.

4. Að ná niðurstöðu um atriði sem snerta kostnaðarskiptingu milli háskóla og spítala.

Hér er einkum um að ræða rekstur bókasafns og faglegrar upplýsingaveitu, greiðslur til starfsmanna LSH vegna þátttöku þeirra í klínískri þjálfun nemenda og kostnað sem tengist sameiginlegum starfsmönnum, sbr. bókun 2.

Aðilar eru sammála um að ljúka greiningu á fjárhagslegum atriðum og tillögugerð þannig að taka megi tillit til þeirra við undirbúning fjárlaga fyrir árið 2008.

## 17. Gildistími og endurskoðunarákvæði

Komi upp ágreiningur um túlkun einstakra þátta samnings þessa skal honum skotið til stefnunefndar til umfjöllunar og úrskurðar. Samningurinn kemur til endurskoðunar ef forsendur samningsaðila breytast vegna nýrrar lagasetningar og breytinga á gildandi reglum.

Samningurinn gildir til fimm ára frá undirritun. Heimilt er að gera breytingar á honum á samningstímanum með samþykki samningsaðila. Endurskoðun samningsins hefst ári fyrir lok gildistíma hans.

Reykjavík, 27. apríl 2006

---

Kristín Ingólfssdóttir

rektor HÍ

---

Magnús Pétursson

forstjóri LSH

## Bókun 1

Samningsaðilar lýsa sameiginlegum vilja sínum til þess að vinna að aukinni og gagnkvæmri aðild fulltrúa beggja stofnana að stjórn hinnar. Í því efni verður sérstaklega litið til þess að nýta tækifæri til samræmingar sem skapast við uppbyggingu nýs sjúkrahúss og framkvæmd á heildarstefnumörkun HÍ 2006 – 2011 sem og stefnumótun LSH.

Í samræmi við þetta og markmið samningsins að öðru leyti munu samningsaðilar gera tillögur til stjórnvalda í tengslum við ráðgerða heildarendurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um Háskóla Íslands.

## Bókun 2

Samningsaðilar stefna að því að samræma enn frekar reglur sem gilda um sameiginlega starfsmenn sem og ákvæði einstakra ráðningarsamninga eftir því sem tilefni er til. Þannig verði starfsskyldur sameiginlegra starfsmanna skilgreindar sem fullt starf í einstökum ráðningarsamningum. Til að svo megi verða þarf að taka tillit til kjarasamninga, réttinda starfsmanna, afstöðu kjaranefndar og annarra lögbundinna atriða. Þó starfsskyldur sameiginlegra starfsmanna verði skilgreindar sem fullt starf verða greiðslur fyrir yfirvinnu, vaktaálag og aðra óreglulega launaliði á ábyrgð hvorrar stofnunar fyrir sig, nema öðruvísi verði um samið, sbr. einnig kafla 11.3.

# Yfirlit fylgiskjala

## Fylgiskjal 1

Yfirlit um skilgreiningar sem notaðar eru í samstarfssamningi Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss.

## Fylgiskjal 2

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss tekur mið af.

## Fylgiskjal 3

Hlutverk skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH.

## Fylgiskjal 4 og 4a

Skilgreining fræðigreina og fræðasviða innan heilbrigðisvísindagreina Háskóla Íslands og tengsl fræðasviða og fræðigreina Háskóla Íslands við Landspítala - háskólasjúkrahús.

## Fylgiskjal 5

Verklagsreglur um málefni starfsmanna sem hafa starfsskyldur gagnvart bæði HÍ og LSH.

## Fylgiskjal 6

Reglur um viðurkenningu Háskóla Íslands á akademísku hæfi starfsmanna á Landspítala - háskólasjúkrahúsi og veitingu akademískrar nafnbótar.

## Fylgiskjal 7

Starfsskyldur háskólakennara.

## Fylgiskjal 8

Samningur um „tengda stöðu“ á LSH.

## Fylgiskjal 9

Sameiginlegir skilmálar HÍ og LSH um réttindi og skyldur nemenda.

## Fylgiskjal 10

Yfirlit um kennsluaðstöðu LSH (húsnæði og búnaður).

## Fylgiskjal 11

Starfstilhögun framhaldsmenntunarráðs.

## Fylgiskjal 12

Vísinda- og menntastefna Háskóla Íslands.

## Fylgiskjal 13

Vísindastefna Landspítala - háskólasjúkrahúss.

## Fylgiskjal 14

Reglur LSH um vísindarannsóknir.

## Fylgiskjal 15

Um eflingu rannsókna.

## Fylgiskjal 16

Greinargerð LSH um kostnað við háskólahlutverk spítalans.

